

Lög

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla-sjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

1. gr.

Í stað orðanna „Sambandi ísl. berkla-sjúklinga“ í 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögnum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.

2. gr.

3. gr. laganna, sbr. lög nr. 24/1989, orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 2007. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofn-kostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 6. desember 1999.